



Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 119 og 121, bílskúr og hækkun á þaki.

Almennt:

Umsókn dags. 16. júní 2020 um breytingu á deiliskipulagi. Sótt var um að stækka bílskúr á Suðurgötu 119 um 38,5m², hámarkshæð þaks 5,85m. Suðurgata 119 og 121 er sótt um að hækka þak á lágbyggingar, hámarks hæð allt að 4,60m. Nýtingarhlutfall lóðar fer úr 0,45 í 0,47 á Suðurgötu 119.

Suðurgata 119: lóðin er 412,2 m² skv. lóðarleigusamningi dags. 18. apríl 2017, íbúðarhús er 120,2 m² og bílskúr 32,0m², nýtingarhlutfall 0,38.

Suðurgata 121: lóðin er 436 m² skv. lóðarleigusamningi dags. 30. júní 2004, íbúðarhús er 120,4m² og bílskúr 40,0m², nýtingarhlutfall er 0,37. Lóðirnar tilheyra deiliskipulagi Akratorgsreits.

Skipulags- og umhverfisráð grenndarkynnti umsóknina um stækkun á bílgeymslu á Suðurgötu 119 og hækkun útbygginga á Suðurgötu 119 og 121 í skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2020. Grenndarkynnt var fyrir eigendum að Sunnubraut 30, Skagabraut 10 og Suðurgötu 115, 117, 120, 122 og 124. Kynningin fór fram frá 23. júlí til og með 26. ágúst 2020. Samþykki kom frá Suðurgöt 117 og Sunnubraut 30. Athugasemd barst frá Skagabraut 10.

Gildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 10. júlí 1990. Á deiliskipulagsupprætti eru ekki byggingareitir á íbúðahúsalóðum. Greinargerð sem er hluti deiliskipulagsins gerir ráð fyrir að hámarks nýtingarhlutfall þessara lóða verði 0,45.

Varðandi bifreiðageymslur segir í greinargerðinni „Um bifreiðageymslur gilda skilmálar byggingarreglugerðar.“

Athugasemdir:

Athugasemd frá eiganda Skagabrautar 10:

1. „Máli varðar Deiliskipulag Akratorgsreitar Suðurgata 119. Höfnum við tillögu um hámarks mænishæð 5,85 bílgeymslu.
Vegna þess að þá mun útsýni okkar að Skagabraut 10 af sjónum alveg hverfa.
Við höfum unun að þessu fallega útsýni alla daga.“

Svar:


Ljóst er að með deiliskipulagi á Sementsreit að þá mun þetta útsýni hverfa óháð þeim breytingum sem verið er að gera við Suðurgötu 119 og 121.

Ennfremur má benda á að í þéttbýli geta orðið breytingar á skipulagi sem skerða útsýni.

Breyting Suðurgata 119 og 121
Mál 2006235
Dags. 21. júní 2020



Akraneskaupstaður


Sigurður Páll Harðarson
sviðstjóri skipulags- og umhverfissviðs